



Heim > Fréttir > Sumarverkefni sveitafélagsins og...

## Sumarverkefni sveitafélagsins og Ölfus Cluster í góðum höndum hjá öflugum háskólanemum

FRÉTTIR Hafnarfréttir 15. júlí 2021



Í vor auglýsti sveitarfélagið í samstarfi við Ölfus Cluster og átaksverkefni Velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar eftir námsmönnum til þess að vinna að mjög svo áhugaverðum verkefnum sem tengjast uppbyggingu sveitarfélagsins. Auglýst var eftir nemum til að vinna að fimm verkefnum og í kjölfarið voru ráðnir þrjú öflugir háskólanemar til þess að vinna þrjú þessara verkefna. Nemendurnir koma inn með þá þekkingu sem þeir hafa öðlast í náminu og fá hér tækifæri til að takast á við raunveruleg verkefni. Hafnarfréttir tóku þessa hressu og bjartsýnu nemendur tali en þeir eru allir búsettir í Þorlákshöfn og stefna á enn frekar framhaldsnám eftir sumarvinnuna.

### Verkfærakista fyrir innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna


#### Arna Guðnadóttir nemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum

Arna Guðnadóttir er 26 ára meistaranemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum. Hún útskrifaðist með BA gráðu í uppeldis- og menntunarfræði árið 2019, fór í skiptinám til Uppsala í Svíþjóð haustið 2020 og stefnir á að klára meistaranám í febrúar 2022. Hún tók einnig þátt í evrópska samstarfsverkefninu Building the Culture of Social Innovation in Higher Education á vegum Erasmus+ í Varsjá, Póllandi í janúar 2018 og norræna samstarfsverkefninu SPICA: Borgaravitund, fjölmenninq og sjálfbærni í skólastarfi í

Verkefni Örnú snýr að innleiðingu verkefnisins Barnvænt sveitarfélag. „Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative (CFCI), sem hefur verið innleitt í þúsundum sveitarfélaga út um allan heim frá 1996. Barnvæn sveitarfélög eru síðan verkfærakista og líkan sem styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaganna. Það er í raun mikil áskorun og stórt jákvætt skref hjá sveitarfélögum að innleiða Barnasáttmálann en það þýðir að þau samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og rýni og skoði verk- og ákvarðanaferla með hliðsjón af sáttmálanum“. Arna tekur fram að Sáttmálinn sé þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna. Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins – sem byggir á eftirfarandi grunnþáttum:



- Þekkingu á réttindum barna
- Því sem barninu er fyrir bestu
- Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttöku barna
- Barnvænni nálgun



Arna vill sjá hugað betur að réttindum barna og þeim sé gefin frekari rödd í málum sem snerta þau. „Ég vil sjá hið frábæra barna- og unglingastarf innan sveitarfélagsins verða enn betra og vonast til þess að verkefnið geri það að verkum að barnafólk sjái Þorlákshöfn og Ölfus sem vænlegan kost til að búa í og að íbúum fjölgi frekar“. Að lokum segist Arna vonast hún til þess að sjá atvinnulífið í Ölfusi haldi áfram að styrkjast og verða fjölbreyttara og að innleiðing Barnasáttmálans í starfsemi Sveitarfélagsins tryggji okkur bæði fjölskyldu- og barnvænt samfélag“.

## Tökum stöðuna til þess að geta mælt árangur sveitarfélagsins í atvinnumálum

### Írena Björk Gestsdóttir nemi í viðskiptafræði með lögfræði sem aukagrein

Írena Björk Gestsdóttir er 23 ára háskólanemi, hún varð stúdent af viðskipta- og hagfræðibraut úr Fjölbautaskóla Suðurlands og stundar nú nám í viðskiptafræði með lögfræði sem auka grein við Háskólann í Reykjavík. Írena býr í Þorlákshöfn og er dóttir Guðbjargar Heimisdóttur og Gests Þórs Kristjánssonar. Hún á tvær yngri systur sem heita Anna Laufey og Olga Lind.

Írena stefnir fyrst og fremst á að klára námið sem hún reyndar segir vera mjög spennandi en hvað tekur svo við að námi loknu er ekki alveg ákveðið – „Ætli það verði ekki að fá að koma í ljós en ég veit það verður eitthvað æði skemmtilegt“ segir Írena.

Verkefnið sem Írena er að vinna heitir einfaldlega Atvinnulífið í Ölfusi. Verkefnið snýst í meginefnum um að kortleggja og búa til gagnabanka utan um alla atvinnustarfsemi í Ölfusi. Meðal annars skrá niður og fá yfirsýn yfir þær atvinnugreinar sem eru til staðar í sveitarfélaginu og hve margir starfa við hverja atvinnugrein. Auk þess að fá álit þeirra sem standa í rekstri um hvað sveitarfélagið getur gert betur þegar kemur að rekstrarumhverfi fyrir fyrirtækin, slíkir hlutir koma oft ekki í ljós nema samtalið eigi sér stað. Þar að auki verður hægt að nýta gagnabankann á ýmsan hátt. Til dæmis til viðmiðunar á þróun atvinnulífs í framtíðinni og sjá þannig hvaða breytingar hafa orðið á atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu á milli ára – bæði í tengslum við atvinnuleysi og atvinnuaukningu.



„Ég tel að gagnabankinn muni koma til með að nýtast samfélaginu í heild sinni þar sem stjórnendur sveitarfélagsins munu til að mynda fá betri yfirsýn yfir atvinnustarfsemina í sveitarfélaginu. Það mun gera það að verkum að hægt verður að gera sér betur grein fyrir því hvað sé hægt að gera betur fyrir þá sem standa hér í rekstri og á sama tíma sjá í hverju styrkleikar sveitarfélagsins liggja“.



Írena er bjartsýn á framtíð Þorlákshafnar. „Eftir 10 ár býst ég við því að Þorlákshöfn verði einfaldlega höfuðborg Suðurlands þar sem allir vilja búa. Ég sé fyrir mér að stækkun sveitarfélagsins muni halda áfram á svipuðum hraða og verið hefur undanfarið en íbúafjöldgunin hefur verið um 10% á síðustu tveimur árum. Ef vel er haldið á spöðunum og með nægilegu framboði á lóðum er ekkert sem á að geta stöðvað þessa þróun. Ég tel mikilvægt að þjónustan í sveitarfélaginu haldi í við þessa íbúafjöldgun, ekki síst fyrir barnafólk og því er nauðsynlegt að gæta þess að næg leikskólaláss séu til staðar og því er gott að heyra af áætlunum um byggingu nýs leikskóla. Uppbygging á þjónustu við okkar

besta fólk, eldri borgarana er ekki síður mikilvæg en það eru þau sem hafa lagt grunninn að þessu góða samfélagi sem við búum í. Ég hef fulla trú á að þessi þróun gangi eftir. Þó litla Þorlákshafnar-hjartanu finnst voða notalegt að sveitarfélagið haldist bara lítið og krúttlegt líkt og þegar ég ólst hérna upp, þá er ég alveg til í að leyfa öðrum að njóta þess líka“.

Írenu finnst mjög mikilvægt að haldið sé vel utan um atvinnumálin í sveitarfélaginu og hefur fulla trú á að það verði mikil þróun í þeim á næstu 10 árum. „Tilkoma nýrra fyrirtækja í sveitarfélagið er mikilvæg fyrir samfélagið, auk þess þó að halda vel utan um þau fyrirtæki sem eru nú þegar til staðar. Með stækkun hafnarinnar býst ég við auknum atvinnutækifærum og þar af leiðandi trúí ég að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af miklu atvinnuleysi í sveitarfélaginu í framtíðinni“.

Írena bætir við að menning sé stór og mikilvægur partur í hverju samfélagi og finnst henni hún nokkuð góð hér í sveitarfélaginu. „Ég vil því sjá það góða menningarstarf sem er í sveitarfélaginu halda áfram að dafna, hvort sem það eru tónleikar, myndlistarsýningar, leiklistarsýningar eða annað skemmtilegt af því sem er vel gert hér í Ölfusi. Við þetta má bæta að með nýjum og endurbættum miðbæ eru miklir möguleikar á að halda utan um menninguna enn frekar og búa til skemmtilega stemningu þar. Hlakka virkilega til að fylgjast með því þegar að því kemur!“

Lífsspeki Írenu á í raun og veru alltaf vel við, bæði í leik og starfi, en hún er einfaldlega: „Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig“. Það mættu gjarnan fleiri taka hana til fyrirmyndar J

Að lokum tekur Írena fram að þessa dagana vinnum við í Ölfus Cluster að því að senda út spurningalista á fyrirtæki í sveitarfélaginu. Því mega fyrirtæki í Ölfusi búast við tölvupósti frá Írenu á næstunni. „Það væri afskaplega vel þegið ef fólk myndi svara þeim spurningalista fljótt og skilmerkilega en þannig fáum við sem besta mynd af stöðu atvinnulífsins í Ölfusi í dag“.

## Mikilvægt að hafa gildi sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi þegar vöxtur sveitarfélagsins er svona hraður

### Máney Alda Rúnarsdóttir nemi í fjármálahagfræði

Máney Alda er 21 árs grunnnemi í fjármálahagfræði við Háskólann í Reykjavík. Máney er búsett í Reykjavík þar sem hún stundar nám sitt, en er að öðru leiti fædd og uppalin í Þorlákshöfn.

Verkefnið sem Máney sinnir í sumar er að stýra innleiðingu útreiknings kolefnisspors stofnanna sveitarfélagsins. Verkefnið er nýtt og spennandi, og hefur gengið vel til þessa. Ölfus Cluster hefur t.a.m. gengið í samstarf við sprotafyrirtækið Greenfo, fyrirtæki sem um þessar mundir er að þróa hugbúnað sem gerir fyrirtækjum kleift að reikna út kolefnisspor sitt út frá upplýsingum sem liggja nú þegar fyrir í fjárhagsbókhalda. Að sögn Máneyjar er verkefnið mikilvægur liður í framtíðarsýn/áætlun Ölfus, sífellt stífari kröfur eru gerðar um aðgerðir stofnanna og fyrirtækja í umhverfis-/loftslagsmálum, og því er frábært að Ölfus sé farið af stað með þetta núna og getur vonandi sett gott fordæmi fyrir önnur sveitarfélög. Það er virkilega áhugavert að fá að starfa með og aðstoða Greenfo í gagnasöfnun og þannig aðstoða við þróun á lausn fyrir fyrirtæki sem virkilega vilja minnka kolefnisspor sitt. Jöfnun kolefnis með því t.d. að planta trjám til þess að veða upp á móti þeirri losun sem fyrirtækið veldur er í rauninni aldrei nóg. Ef fyrirtækin reyna ekki draga úr eigin losun í starfseminni þá er plöntun trjáa í raun til lítils. Greenfo leggur upp með að veita fyrirtækjum lausnir til þess að greina hvar og hve mikil losun á sér stað í daglegu starfi fyrirtækisins sem síðan er hægt að nota til þess að taka ákvarðanir sem draga úr heildar losun.

Mikill uppgangur er í Ölfusi og erum við heppin að búa við þau tækifæri sem því fylgir. Vöxtur sveitarfélagsins er hraður og er því sérlega mikilvægt að sveitarfélagið hafi ávallt til grundvallar gildi sjálfbærrar þróunar. Hér verður áfram gott að búa og með auknum áherslum í hágu atvinnulífsins, í hágu umhverfisins og í hágu barnafjölkuldna verður gott þara þara



Eins og fram kom stundar Máney nám í fjármálahagfræði og stefnir á áframhaldandi nám í því, auk þess mun hún á komandi misserum þeyta próf í verðbréfavíðskiptum við Opna Háskólann samhliða náminu. Máney segir sig enn óvissa hvaða starfsleið hún muni velja í framtíðinni, en telur ansi líklegt að draumastarfið verði í efnahags- og fjármálageiranum.

# ATVINNA Í BOÐI VERKSTÆÐI

Óskum eftir að ráða manneskju til viðhalds véla, húsa og annarra tilfallandi verkefna.

Æskilegt er að viðkomandi hafi vélstjóraréttindi, vélvirkjaréttindi eða reynslu á þessu sviði. Meirapróf á vörubíla og lyftarapróf er kostur.

Upplýsingar í síma 483 3548 eða á [sigrun@hafnarnesver.is](mailto:sigrun@hafnarnesver.is)



## Hafnarnes VER hf.

FISKVINNSLA - ÞORLÁKSHÖFN



Hafnarfréttir er óháður fréttamiðill í Ölfusi.  
[Um okkur](#)



Hafa samband: [frettir@hafnarfrettir.is](mailto:frettir@hafnarfrettir.is)

© 2020 - Hafnarfréttir